

## Fundargerð

**125. fundur svæðisráðs austursvæðis haldinn á fjarfundi,  
miðvikudaginn 8. maí 2024, kl. 10:00.**

### Fundinn sátu:

Vilhjálmur Jónsson, formaður svæðisráðs, aðalfulltrúi Múlapings,  
Urður Gunnarsdóttir, varaformaður svæðisráðs, aðalfulltrúi Fljótsdalshrepps,  
Einar Kr Haraldsson, aðalfulltrúi Samtaka útivistarfélaga,  
Andrés Skúlason, aðalfulltrúi umhverfisverndarsamtaka,  
Díana Mjöll Sveinsdóttir, aðalfulltrúi ferðaþjónustunnar,  
Ragna Fanney Jóhannsdóttir, starfandi þjóðgarðsvörður,  
Stefán Frímann Jökulsson, starfandi aðstoðarmaður þjóðgarðsvarðar.

Pétur Heimisson fulltrúi Múlapings og varafulltrúi hans Rannveig Þórhallsdóttir boðuðu forföll.

### 1. Austursvæði - af vettvangi stjórnar - 2203071

Formaður svæðisráðs fór yfir helstu málefni af síðustu stjórnarfundum.

*Til kynningar.*

### 2. Austursvæði - skýrsla þjóðgarðsvarðar - 2006023

Starfandi þjóðgarðsvörður fór yfir verkefni á svæðinu ásamt aðstoðarþjóðgarðsverði.

Vinna við áherslur austursvæðis fyrir fjárhagsáætlunar árið 2025 er hafin.

Viðhald á Snæfellsskála hefur verið í gangi í vor og einnig er verið að vinna í að koma í veg fyrir leka í kjallara Snæfellsstofu.

Stefnt er að því að flytja þurrsalerni að Hálskofa.

Unnið er að því að fjármagna vöktunaráætlun fyrir Snæfellsöræfi í samvinnu við Landsvirkjun.

26. ágúst verður staðfundur stjórnar á austursvæði og í kjölfarið verður farin ferð með stjórn og svæðisráði austursvæðis í Snæfell og Krepputungu ásamt því að farið verður heim í gegnum Drekgil og Herðubreiðarlindir.

Nokkrir viðburðir verða á svæðinu í sumar t.d. Snæfellshlaupið þann 20. júlí, sýningin Eldur, ís og mjúkur mosi frá 3ja bekk í Egilsstaðaskóla verður opnuð í Snæfellsstofu og stefnt að því að opnaður verði krakkastígur við gestastofuna í sumar.

Varðandi fræðslumál þá er búið að birta fræðsludagskrá þjóðgarðsins á heimasíðu, unnið er að því að klára endurbætur á bækling um Snæfellsöræfa fyrir endurprentun, sýningin í Snæfellsstofu hefur verið uppfærð lítillega í vetur, stefnt er að því að opna nýjan krakkastíg við Snæfellsstofu í sumar og klára nokkur fræðslu- og gönguleiðaskilti fyrir hálendið.

Sótt hefur verið um þrjú rannsóknarleyfi á svæðinu í sumar en þar að auki eru nokkur langtímaleyfi.



Aukin mönnun er á svæðinu í ár miðað við undanfarin ár. Fyrsta starfsfólk er mætt til starfa í Snæfellsstofu og opnunartími hennar hefur verið lengdur.

*Í tengslum við umræðu um mönnun þá langar svæðisráð að benda á að haft sé til hliðsjónar markmið þjóðgarðsins um að styðja við uppbyggingu í nágrenni þjóðgarðsins enda sé það í samræmu við stefnu stjórnvalda um fjölgun starfa á landsbyggðinni.*

### **3. Samstarf við Fljótshrepp - Hengifoss - Austursvæði 2023 - 2405014**

Starfandi þjóðgarðsvörður kynnti skýrslu og samstarf við Fljótshrepp um landvörslu við Hengifoss.

*Samantekt lögð fram til kynningar.*

**Fundargerð ritaði:** Ragna Fanney Jóhannsdóttir, þjóðgarðsvörður.

Fundi slitið kl. 11:37.